



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 11. desember 2012

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.), þskj. 602 – 468. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum er varða tekjuöflun ríkissjóðs og hækkun barnabóta og framlengingu sérstakra vaxtabótageiðslna. BSRB fagnar hækkun barnabóta enda hefur það verið eitt aðalagsmunamál bandalagsins á undanförunum árum.

Bandalagið hefur þungar áhyggjur af verðlagsuppfærslu á opinberum gjöldum sem kveðið er á um í frumvarpinu. Slíkar hækkunir hafa áhrif á neysluverðsvísitölu og rýra enn frekar kaupmátt heimila samhliða því að verðtryggð lán hækka. Þannig hefur komið fram í umræðu um málið að ef eingöngu eru reiknuð út áhrif hækkunar á tóbaksgjaldi samkvæmt frumvarpinu yrði það til þess að auka skuldir heimilanna um þrjár milljarða króna. Ótækt er að ekki sé kveðið með skýrari hætti á um hver áhrifin verða nákvæmlega í frumvarpinu. Bandalagið óskar þess eindregið að nefndin óski eftir þeim upplýsingum hver áhrifin verði áður og veiti bandalaginu upplýsingar þar um áður en frumvarpið er afgreitt af hálfu nefndarinnar.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri